


FLUG YFIR FRIDLÝST SVÆÐI OG VARPSVÆÐI FUGLA

Tekið saman af Samgöngustofu í samráði við Umhverfissofnun



Ljósmynd Shutterstock

Helstu atriði:

Hefur flugið þitt áhrif á lífshagi fugla og dýra?

Flug þitt getur haft áhrif á lífshagi fugla og dýra sem og á upplifun fólks af náttúru landsins. Hafðu það í huga næst þegar þú skipuleggur og framkvæmir flug.

Þegar varptími fugla stendur sem hæst þarf að sýna sérstaka aðgát þannig að ekki hljóttist truflun af á þekktum varpsvæðum, t.d. í nágrenni við fuglabjörg. Þetta er mikilvægt, bæði til að tryggja öryggi flugs og koma í veg fyrir skaða eða truflun á dýralífi.

Samgöngustofa og Umhverfisstofnun vilja vekja athygli flugmanna á mikilvægi þess að virða lágmarkshæðir í hvívetna. Með því að virða flugreglur og sýna tillitsemi þá skapast jákvæð mynd flugs og öryggi er tryggt með sem bestum hætti.

Sérstök athygli er vakin á takmörkunum á flugi við Þjórsárver sbr. kafla ENR 5.1 í flugmálahandbók sem er í gildi frá 10. maí til 10. ágúst þar sem hverskyns starfræksla loftfara er bönnuð neðan við 5000 fet yfir sjávarmáli.

Helstur reglur um friðlýst svæði og varpsvæði fugla:

1. Óheimilt er að fljúga flugvélum að óþörfu í grennd við fuglabjörg sbr. 4. mgr. 17. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.
2. Aðgát skal höfð í nánd við varplönd fugla skv. 4. mgr. 17. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Framhald á baksíðu

FLUG YFIR FRIDLÝST SVÆÐI OG VARPSVÆÐI FUGLA

Tekið saman af Samgöngustofu í samráði við Umhverfisstofnun

2

FLUG YFIR FRIDLÝST SVÆÐI OG VARPSVÆÐI FUGLA



Ljósmynd emm.is

Framhald af síðu 1:

3. Auk laga og reglugerða er mælt fyrir um reglur á friðlýstum svæðum í friðlýsingarskilmálum á hverju svæði fyrir sig.
4. [Hér má finna](#) ítarlegar upplýsingar um öll friðlýst svæði og reglur þar um á vef Umhverfisstofnunar (sjá einnig tengingu inn á kort hér neðst á síðunni).
5. Í mörgum þeirra kemur fram að óheimilt sé að skaða eða trufla dýralíf á hinu friðlýsta svæði.

Dæmi:

Dyrhólaey: Auglýsing nr. 101/1978 í B-deild Stjórnartíðinda. Óheimilt er að skaða eða trufla dýralíf á hinu friðlýsta svæði.

Surtsey: Auglýsing nr. 50/2006 um friðland í Surtsey 6. gr. Óheimilt er að spilla gróðri, trufla dýralíf og hrófla við jarðmyndunum og öðrum náttúruminum í friðlandinu.

Þjórsárver er eina friðlýsta svæði landsins þar sem hömlur hafa verið settar á flugumferð sbr. auglýsing nr. 507/1987 um friðland í Þjórsárverum. Þar er óheimilt að fljúga neðan 5000 feta hæðar yfir sjávarmáli utan jökuls á tímabilinu 10. maí til 10. ágúst nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Er það til að tryggja að heiðargæsir sem þar verpa verði ekki fyrir truflunum yfir varptímann. Þær reglur sem gilda um lágmarksflughæð í dreifbýli eiga því ekki við þar.

Vakin er athygli á að í [flugmálahandbók](#), sem finna má á heimasíðu Samgöngustofu, eru ítarlegar upplýsingar sem flugmönnum er skylt að kynna sér, sjá kafla ENR 5.6 „Farfuglar og svæði með viðkvæmu dýralífi.“

Flugmenn eru einnig hvattir til að afla sér upplýsinga hjá Umhverfisstofnun um friðlýst og viðkvæm svæði en [hér má sjá kort](#) sem sýnir þau svæði.



Mynd á vef Umhverfisstofnunar